

Umhverfisstofnun Áb. <i>BS</i>
17 DES. 2004 <i>54.52</i>
Tilv <i>UST2004/100160</i>

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UST

Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun
Lárusbrú 10, 101 Reykjavík
Sími: 590 1000
Netfang: ust@ust.is
Vefsíða: www.ust.is


17. desember 2004
Tilvísun: UST20041100160/bs

Breytingar á Hringveginum austan Teygingalækjar-Umsögn um matsskyldu

Með tölvubréfi dags. 6. desember sl. óskaði Umhverfisstofnun eftir fresti til að ljúka samráði við Vegagerðina um breytingar á fyrirhugaðri framkvæmd áður en Umhverfisstofnun gæfi álit á matsskyldu framkvæmdarinnar sbr. bréf Skipulagsstofnunar dags. 22. nóvember sl. Í bréfi Vegagerðarinnar til Umhverfisstofnunar dags. 7. desember sl. og afriti sent Skipulagsstofnun er lýst þeim breytingum á fyrirhugaðri vegagerð sem Vegagerðin og Umhverfisstofnun urðu ásátt um að drægu úr umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Við fyrirhugaða vegagerð um Eldhraun verður leitast við að raska eins litlum hluta af yfirborði hraunsins og kostur er. Skeringar verða í lágmarki og gengið verður frá yfirborði þeirra þannig að skeringar falli sem best að óröskuðu hrauni. Að teknu tilliti til þeirra breytinga á framkvæmd sem lýst er í ofangreindu bréfi Vegagerðarinnar og þeim upplýsingum sem fram koma í kynningarskýrslu Vegagerðarinnar um framkvæmdina telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst,


Björn Stefánsson


Helgi Jensson